

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 1-3
101 Reykjavík

sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 16. janúar 2020

Umsögn Landverndar við drög að frumvarpi til laga um Hálandisþjóðgarð, mál nr. 317/2019

Stjórn Landverndar styður heilshugar stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands. Það yrði mikið framfaraskref fyrir íslenska þjóð og verndun íslenskrar náttúru.

Almennar athugasemdir

Stjórn Landverndar telur að markmið þjóðgarðs eiga alltaf fyrst og fremst að vera verndun landslags, víðerna, náttúru- og menningarminja og endurheimt raskaðra vistkerfa. En einnig nýting þessa verðmæta náttúruarfs með sjálfbærum hætti. Sjálfbærni ber skilyrðislaust að hafa að leiðarljósi við hefðbundna nýtingu, eins og veiðar og sauðfjárbætur, innan þjóðgarðs á miðhálandinu.

Varfærni þarf að gæta við vegabætur og við gerð mannvirkja fyrir ferðmenn innan þjóðgarðs á hálandinu svo þær spilli ekki landslagsheildum og sannri hálandisupplifun.

Stjórn Landverndar telur að ekki skuli heimila stórframkvæmdir eins og orkuvinnslu innan þjóðgarðs á hálandi Íslands, enda yrði það ekki í samræmi við alþjóðleg viðmið (skilgreiningu IUCN) á þjóðgörðum og samþykka ályktun Alþjóða náttúruverndarsamtakanna (IUCN)¹ eða íslensk náttúruverndarlög. Þá er rétt að benda á umsögn Snorra Baldurssonar um frumvarpið þar sem hann leggur til þrjár leiðir til þess að leysa úr mögulegum árekstrum milli rammaáætlunar og Hálandisþjóðgarðs eða eins og segir í umsögn hans dags. 13.01.20

„1. Besta lausnin er að Alþingi taki af skarið og hendi greinum 11 og 12 út og falli frá öllum frekari virkjunum á hálandinu, þ.m.t. Skrokköldu, en haldi ótrauð áfram vinnu við alvöru hálandisþjóðgarð.“

¹ Sjá WCC-2016-Rec-102-EN Protected areas and other areas important for biodiversity in relation to environmentally damaging industrial activities and infrastructure development:

https://portals.iucn.org/library/sites/library/files/resrecfiles/wcc_2016_rec_102_en.pdf

2. Að þjóðgarðurinn verði stofnaður í áföngum; fyrst verði innan hans aðeins þau svæði sem örugglega eru og verða laus við virkjun, en síðan bætt við þjóðgarðinn eftir því sem Rammaáætlun vindur fram. Möguleg virkjanasvæði, skv. Rammaáætlun mætti þá vernda sem Verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda eða álíka.

3. Að allt hálendið (utan núverandi verndarsvæða) verði í fyrsta áfanga friðlýst sem Verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.“

Stjórn Landverndar vill að við skipan í stjórn hálendisþjóðgarðs beri að hafa fagþekkingu stjórnarmanna að leiðarljósi. Þá þarf að gæta jafnræðis meðal landsmanna við skipan í stjórn svo hálendisþjóðgarður standi undir nafni sem sameiginlegur garður þjóðarinnar.

Varðandi mörk þjóðgarðsins telur stjórn Landverndar að til viðbótar við þjóðlendur eigi þjóðgarðurinn að ná til ríkisjarða sem liggja að mörkum þjóðgarðsins.

Vandinn við núverandi virkjanir innan þjóðgarðsins er ekki auðleystur. Landvernd telur að besta leiðin sé að skilgreina þröng mörk utan um mannvirki og lón virkjana og gera þau að jaðarsvæðum þjóðgarðsins sem lúta stjórn hans. Mörkin þyrftu að vera 50 m frá útlínunum mannvirkja og lóni í hæstu stöðu.

Sértækar athugasemdir

Í ljósi framangreindar athugasemda gerir stjórn Landverndar tillögur um eftirfarandi breytingar að drögum að frumvarpi:

2. gr. Friðlýsing Hálendisþjóðgarðs hljóðar svo:

„Ráðherra ákveður friðlýsingu Hálendisþjóðgarðs og stækkun þjóðgarðsins með reglugerð, sbr. 13. gr.

Mörk Hálendisþjóðgarðs skulu við stofnun þjóðgarðsins miðast við þjóðlendumörk innan miðhálendislínu auk þeirra landsvæða á miðhálendinu og nágrenni þess sem þegar eru friðlýst við gildistöku laga þessara.“

Lagt til að greinin verði svo hljóðandi (breytingar tillögur og viðbætur er feitletraðar):

„Ráðherra ákveður friðlýsingu Hálendisþjóðgarðs og stækkun þjóðgarðsins með reglugerð, sbr. 13. gr. Mörk Hálendisþjóðgarðs skulu við stofnun þjóðgarðsins miðast við þjóðlendumörk **og jarðir í eigu ríkisins** innan miðhálendislínu auk þeirra landsvæða á miðhálendinu og nágrenni þess sem þegar eru friðlýst við gildistöku laga þessara.“

Undanskilin friðlýsingu eru svæði sem þegar hafa að geyma mannvirki og uppistöðulón vatnsaafsvirkjana á svæðinu, það er á Þjórsár- og Tungnaársvæði, Blöndusvæði og Kárahnjúkasvæði. Þessi svæði skulu skilgreind sem jaðarsvæði og um þau skulu gilda sérstakar

reglur sem tryggja að starfsemi þar hafi ekki neikvæð áhrif á þjóðgarðinn. Þau lúta stjórn þjóðgarðsins.

Mannvirkjagerð sem ekki samræmist verndarmarkmiðum og ósjálfbær beit eða önnur ósjálfbær nýting náttúruauðlinda er óheimil innan þjóðgarðsins.

Þjóðlendur og land í eigu ríkisins innan marka Hálandisþjóðgarðs má aldrei selja eða veðsetja og óheimilt er þar að veita leyfi til afnota sem andstæð eru verndarmarkmiðum 3. mgr.“

6. gr. Stjórn Hálandisþjóðgarðs, hljóðar svo:

„Í stjórn Hálandisþjóðgarðs, sem ráðherra skipar, sitja ellefu fulltrúar:

- 1. Sex fulltrúar sveitarfélaga, einn frá hverju rekstrarsvæði þjóðgarðsins, tilnefndir af viðkomandi umdæmisráð Hálandisþjóðgarðs.*
- 2. Einn fulltrúi tilnefndur af hverjum eftirtalinna aðila: Útivistarsamtökum, umhverfisverndarsamtökum, Bændasamtökum Íslands og einn fulltrúi tilnefndur sameiginlega af ferðaþjónustusamtökum á rekstrarsvæðum þjóðgarðsins og Samtökum ferðaþjónustunnar.*
- 3. Einn fulltrúi skipaður af ráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður stjórnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og greinir í 1. mgr. Stjórn Hálandisþjóðgarðs skal skipuð til fjögurra ára í senn. Ef rekstrarsvæðum þjóðgarðsins er fjölgað með reglugerð, sbr. heimild í 1. mgr. 7. gr., fjölgar fulltrúum sveitarfélaga í stjórn Hálandisþjóðgarðs sem því nemur sbr. 1. tölul. 1. mgr.“*

Lagt til að greinin verði svo hljóðandi (breytingar tillögur og viðbætur er feitletraðar):

*„Í stjórn Hálandisþjóðgarðs, sem ráðherra skipar, sitja **tólf** fulltrúar:*

- 1. Einn frá hverju rekstrarsvæði þjóðgarðsins tilnefndur af viðkomandi umdæmisráði.*
- 2. Einn fulltrúi tilnefndur af hverjum eftirtalinna aðila: **Forsætisráðherra**, útivistarsamtökum, umhverfisverndarsamtökum, Bændasamtökum Íslands og einn fulltrúi tilnefndur sameiginlega af ferðaþjónustusamtökum á rekstrarsvæðum þjóðgarðsins og Samtökum ferðaþjónustunnar.*
- 3. Einn fulltrúi skipaður af ráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður stjórnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og greinir í 1. mgr. Stjórn Hálandisþjóðgarðs skal skipuð til fjögurra ára í senn.*

Við tilnefningu og skipan í stjórn hálandisþjóðgarðs ber að hafa þekkingu stjórnarmanna á málefnum er tengjast náttúruvernd, útvist, nýtingu og rekstri friðlýstra svæða að leiðarljósi. Skulu upplýsingar um þessi atriði tilgreind við tilnefningu og skipan.

*Ef rekstrarsvæðum þjóðgarðsins er fjölgað með reglugerð, sbr. heimild í 1. mgr. 7. gr., fjölgar fulltrúum **umdæmisráða** í stjórn Hálandisþjóðgarðs sem því nemur sbr. 1. tölul. 1. mgr. **Skal fulltrúum skv. 2 málsgrein þá jafnframt fjölgað tilsvarandi.**“*

7. gr. Rekstrarsvæði Hálandisþjóðgarðs, hljóðar svo:

„Hálendisþjóðgarði er skipt í a.m.k. sex rekstrarsvæði samkvæmt ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur. Heimilt er í reglugerð að skipta Hálendisþjóðgarði í fleiri rekstrarsvæði og skal þá fulltrúum sveitarfélaga í stjórn þjóðgarðsins fjölgað sem því nemur, sbr. 1. tölul. 5. gr. þannig að einn fulltrúi sveitarfélaga komi frá hverju rekstrarsvæði. Hvert rekstrarsvæði skal rekið sem sjálfstæð rekstrareining á ábyrgð þjóðgarðsvarðar.

Umdæmisráð, sbr. lög um þjóðgarðastofnun og þjóðgarða, fara með málefni rekstrarsvæða Hálendisþjóðgarðs, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, og umdæma, sbr. 14. gr. laga um þjóðgarðastofnun og þjóðgarða.

Ráðherra skipar umdæmisráð fyrir hvert rekstrarsvæði Hálendisþjóðgarðs og aðliggjandi landsvæði til fjögurra ára í senn. Í umdæmisráði eiga sæti níu fulltrúar:

1. Fimm fulltrúar, tilnefndir sameiginlega af sveitarfélögum á svæði viðkomandi umdæmisráðs úr hópi kjörinna sveitarstjórnarmanna eða framkvæmdastjóra sveitarfélaganna, sbr. 5. mgr. Eigi sama sveitarfélag fleiri en einn fulltrúa í umdæmisráði þarf einungis einn fulltrúi þess að koma úr hópi kjörinna sveitarstjórnarmanna eða framkvæmdastjóra sveitarfélagsins. Við umfjöllun um einstök friðlýst svæði skal tryggt að sveitarfélag sem friðlýsta svæðið fellur innan taki þátt í afgreiðslu málsins eigi sveitarfélagið ekki fastan fulltrúa í umdæmisráði. Fulltrúar sveitarfélaga sem þannig bætast við umdæmisráð hafa fullan atkvæðisrétt.

2. Einn fulltrúi tilnefndur af hverjum eftirtalinna aðila: Útivistarsamtökum, umhverfisverndarsamtökum og Bændasamtökum Íslands og einn fulltrúi tilnefndur sameiginlega af ferðaþjónustusamtökum á viðkomandi svæði og Samtökum ferðaþjónustunnar.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Umdæmisráð kys sér formann og varaformann úr hópi fulltrúa sveitarfélaga. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Fulltrúi Minjastofnunar Íslands situr fundi umdæmisráða þegar til umfjöllunar eru menningarminjar innan rekstrarsvæðisins.

Sveitarstjórnir skulu strax að afloknum sveitarstjórnarkosningum tilnefna fulltrúa sína samkvæmt ákvæðum 1. tölul. 3. mgr. og varamenn þeirra, sbr. 4. mgr. Umboð þeirra varir þar til nýir fulltrúar hafa verið tilnefndir í kjölfar nýrra sveitarstjórnarkosninga.“

Lagt til að greinin verði svo hljóðandi (breytingar tillögur og viðbætur er feitletraðar):

„Hálendisþjóðgarði er skipt í a.m.k. sex rekstrarsvæði samkvæmt ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur. Heimilt er í reglugerð að skipta Hálendisþjóðgarði í fleiri rekstrarsvæði og skal þá fulltrúum sveitarfélaga í stjórn þjóðgarðsins fjölgað sem því nemur, sbr. 1. tölul. 5. gr. þannig að einn fulltrúi sveitarfélaga komi frá hverju rekstrarsvæði. Hvert rekstrarsvæði skal rekið sem sjálfstæð rekstrareining á ábyrgð þjóðgarðsvarðar.

Umdæmisráð, sbr. lög um þjóðgarðastofnun og þjóðgarða, fara með málefni rekstrarsvæða Hálendisþjóðgarðs, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, og umdæma, sbr. 14. gr. laga um þjóðgarðastofnun og þjóðgarða.

Ráðherra skipar umdæmisráð fyrir hvert rekstrarsvæði Hálandisþjóðgarðs og aðliggjandi landsvæði til fjögurra ára í senn. Í umdæmisráði eiga sæti níu fulltrúar:

1. Fimm fulltrúar, tilnefndir sameiginlega af sveitarfélögum á svæði viðkomandi umdæmisráðs ~~úr hópi kjörinna sveitarstjórnarmanna eða framkvæmdastjóra sveitarfélaganna~~, sbr. 5. mgr. ~~Eigi sama sveitarfélag fleiri en einn fulltrúa í umdæmisráði þarf einungis einn fulltrúi þess að koma úr hópi kjörinna sveitarstjórnarmanna eða framkvæmdastjóra sveitarfélagsins.~~ Við umfjöllun um einstök friðlýst svæði skal tryggt að sveitarfélag sem friðlýsta svæðið fellur innan taki þátt í afgreiðslu málsins eigi sveitarfélagið ekki fastan fulltrúa í umdæmisráði. ~~Fulltrúar sveitarfélaga sem þannig bætast við umdæmisráð hafa fullan atkvæðisrétt.~~

2. Tveim fulltrúum sem tilnefndir eru af hverjum eftirtalinna aðila: Útivistarfélögum sem starfa á svæðinu, umhverfisverndarsamtökum sem starfa á svæðinu og sameiginlega af ferðaþjónustusamtökum á viðkomandi svæði og Samtökum ferðaþjónustunnar, alls 6 fulltrúar.

Við tilnefningu og skipan í umdæmisráð ber að hafa þekkingu á málefnum er tengjast náttúruvernd, útivist, nýtingu og rekstri friðlýstra svæða að leiðarljósi.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Umdæmisráð kýs sér formann og varaformann ~~úr hópi fulltrúa sveitarfélaga~~. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Fulltrúi Minjastofnunar Íslands situr fundi umdæmisráða þegar til umfjöllunar eru menningarminjar innan rekstrarsvæðisins.

Sveitarstjórnir skulu strax að afloknum sveitarstjórnarkosningum tilnefna fulltrúa sína samkvæmt ákvæðum 1. tölul. 3. mgr. og varamenn þeirra, sbr. 4. mgr. Umboð þeirra varir þar til nýir fulltrúar hafa verið tilnefndir í kjölfar nýrra sveitarstjórnarkosninga.“

8. gr. Hlutverk umdæmisráðs

Í 7. tölulið er vísað í ákveðna grein í lögum um Þjóðgarða og Þjóðgarðastofnun. Þessi lög hafa ekki verið samþykkt og því ekki öruggt að þau taki gildi eða að greinanúmer haldist eins og þau eru í drögum að lögunum. Því er heppilegra að skrifa út greinina hér til að skýra gildi hennar.

10. gr. Hefðbundnar nytjar hljóðar svo:

“Hefðbundin landnýting, s.s. búfjárbætt, fuglaveiði, hreindýraveiði og veiði í ám og vötnum, er rétthöfum heimil í þjóðgarðinum enda séu uppfyllt ákvæði 2. gr. þessara laga og þeirra laga sem um nýtinguna fjalla og að nýtingin sé sjálfbær. Skal sérstaklega fjallað um slíka nýtingu og umferð sem er heimil vegna hennar en ekki í öðru skyni í stjórnunar- og verndaráætlun, sbr. 12. gr. og 13. gr. þessara laga og þess gætt að nýtingin geti þróast með eðlilegum hætti á sjálfbæran hátt. Um þau svæði innan Hálandisþjóðgarðs sem friðlýst voru fyrir stofnun hans skulu gilda þær reglur sem settar voru við friðlýsingu þeirra tilteknu svæða að svo miklu leyti sem þær ganga ekki gegn ákvæðum laga þessara. Stjórn getur ákveðið að breyta reglunum við setningu nýrrar stjórnunar- og verndaráætlunar.”

Lagt til að greinin verði svo hljóðandi (breytingar, tillögur og viðbætur er feitlettraðar, úrfellingar yfirstrikaðar):

“Hefðbundin landnýting, s.s. búffjárbeit, fuglaveiði, hreindýraveiði og veiði í ám og vötnum, er ~~rétthöfum~~ heimil í þjóðgarðinum með sérstöku leyfi umdæmisráða enda séu uppfyllt ákvæði 2. gr. þessara laga og þeirra laga sem um nýtinguna fjalla og að nýtingin sé sjálfbær. Sérstaklega skal horft til þess að vistkerfi raskist ekki og að röskuð vistkerfi endurheimtist þannig að landnýting á illa förnun landi er ekki heimil. Skal sérstaklega fjallað um slíka nýtingu og umferð sem er heimil vegna hennar en ekki í öðru skyni í stjórnunar- og verndaráætlun, sbr. 12. gr. og 13. gr. þessara laga og þess gætt að nýtingin geti þróast með eðlilegum hætti á sjálfbæran hátt. Um þau svæði innan Hálandisþjóðgarðs sem friðlýst voru fyrir stofnun hans skulu gilda þær reglur sem settar voru við friðlýsingu þeirra tilteknu svæða ~~að svo miklu leyti sem þær ganga ekki gegn ákvæðum laga þessara. Stjórn getur ákveðið að breyta reglunum við setningu nýrrar stjórnunar- og verndaráætlunar.~~”

11. gr. Orkunýting hljóðar svo:

„Heimilt er að starfrækja innan Hálandisþjóðgarðs þær virkjanir og háspennulínur sem eru í rekstri við stofnun hans og gera breytingar á þeim, t.d. með breytingu og endurnýjun á búnaði og mannvirkjum, vegna viðhalds og/eða til að auka afköst þeirra og bæta skilvirkni.

Aðeins má heimila nýjar virkjanir í Hálandisþjóðgarði á afmörkuðum virkjanasvæðum, hafi hin nýja virkjun verið skilgreind í orkunýtingarflokki í 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar sem samþykkt hefur verið á Alþingi á grundvelli laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun og að undangengnu mati á umhverfisáhrifum framkvæmdanna.

Verkefnastjórn rammaáætlunar er heimilt að leggja mat á þá virkjanakosti innan Hálandisþjóðgarðs sem skilgreindir hafa verið í biðflokki 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar skv. lögum nr. 48/2011 á grundvelli þeirrar aðferðarfræði sem verkefnisstjórn og faghópum sem skipaðir eru á grundvelli þeirra laga, vinna eftir. Við matið skal verkefnastjórn að auki hafa til hliðsjónar að virkjunarkostur er innan þjóðgarðs, markmiðsákvæðis 3. gr. laga þessara og þess hvort um raskað svæði er að ræða. Ef virkjunarkostur er að undangengnu mati fluttur í orkunýtingarflokk úr biðflokki, er heimilt að gera ráð fyrir viðkomandi virkjun innan Hálandisþjóðgarðs, á afmörkuðu virkjunarsvæði, enda hafi verndar- og orkunýtingaráætlun með breyttri flokkun virkjunarkostsins fengið samþykki Alþingis í samræmi við ákvæði laga nr. 48/2011.

Aðrar nýjar virkjanir en þær sem tilgreindar eru í 2. og 3. mgr. eru ekki leyfðar í Hálandisþjóðgarði, nema til sjálfsþurftar fyrir starfsemi í þjóðgarðinum enda samræmist þær verndarmarkmiðum þjóðgarðsins. Jafnframt eru nýjar háspennulínur í lofti ekki leyfðar innan þjóðgarðs á miðhálandinu.

Nýjar virkjanir og tengdar framkvæmdir sem ráðist er í innan Hálendisþjóðgarðs á grundvelli 2. og 3. mgr. sem og breytingar eða endurnýjun núverandi virkjana á grundvelli 1. mgr. skulu uppfylla ströng skilyrði um lágmarks rask og lágmarks sýnileika á yfirborði.

Afmarka skal virkjanasvæði innan þjóðgarðs skv. 1. - 3. mgr. í reglugerð. Þetta gildir þó ekki um virkjanir sem starfræktar eru til sjálfsþurftar fyrir starfsemi í þjóðgarðinum. Ákvæði 1. mgr. um breytingar á virkjunum í rekstri gilda einnig um breytingar á nýjum virkjunum skv. 2. og 3. mgr. Í reglugerð skulu koma fram kröfur sem gerðar eru varðandi umgengi á virkjanasvæðum innan þjóðgarðs.“

Lagt til að greinin verði svo hljóðandi (breytingar, tillögur og viðbætur er feitletraðar, úrfellingar yfirstrikaðar):

*„Heimilt er að starfrækja í **jarðarsvæðum** Hálendisþjóðgarðs þær virkjanir og háspennulínur sem eru í rekstri við stofnun hans og gera breytingar á þeim, t.d. með breytingu og endurnýjun á búnaði og mannvirkjum, vegna viðhalds og/eða til að auka afköst þeirra og bæta skilvirkni, **en aðeins með því skilyrði að það hafi ekki neikvæð áhrif á víðerni, landslag og náttúrur innan marka þjóðgarðsins.***

~~**Aðeins má heimila nýjar virkjanir í Hálendisþjóðgarði á afmörkuðum virkjanasvæðum, hafi hin nýja virkjun verið skilgreind í orkunýtingarflokki 3. áfanga verndar og orkunýtingaráætlunar sem samþykkt hefur verið á Alþingi á grundvelli laga nr. 48/2011 um verndar og orkunýtingaráætlun og að undangengnu mati á umhverfisáhrifum framkvæmdanna.**~~

~~**Verkefnastjórn rammaáætlunar er heimilt að leggja mat á þá virkjanakosti innan Hálendisþjóðgarðs sem skilgreindir hafa verið í biðflokki 3. áfanga verndar og orkunýtingaráætlunar skv. lögum nr. 48/2011 á grundvelli þeirrar aðferðarfræði sem verkefnisstjórn og faghópum sem skipaðir eru á grundvelli þeirra laga, vinna eftir. Við matið skal verkefnastjórn að auki hafa til hliðsjónar að virkjunarkostur er innan þjóðgarðs, markmiðsákvæðis 3. gr. laga þessara og þess hvort um raskað svæði er að ræða. Ef virkjunarkostur er að undangengnu mati fluttur í orkunýtingarflokk úr biðflokki, er heimilt að gera ráð fyrir viðkomandi virkjun innan Hálendisþjóðgarðs, á afmörkuðu virkjunarsvæði, enda hafi verndar og orkunýtingaráætlun með breyttri flokkun virkjunarkostsins fengið samþykki Alþingis í samræmi við ákvæði laga nr. 48/2011.**~~

~~**Aðrar** Nýjar virkjanir eða aðrar stórar framkvæmdir en þær sem tilgreindar eru í 2. og 3. mgr. eru ekki leyfðar í Hálendisþjóðgarði, nema til sjálfsþurftar fyrir starfsemi í þjóðgarðinum enda samræmist þær verndarmarkmiðum þjóðgarðsins. Jafnframt eru nýjar háspennulínur **í lofti** ekki leyfðar innan þjóðgarðs á miðhálandinu.~~

Framkvæmdir sem ráðist er í innan **jaðarsvæðis** Hálendisþjóðgarðs skulu uppfylla ströng skilyrði um lágmarks rask og lágmarks sýnileika á yfirborði.

Afmarka skal virkjanasvæði innan **jaðarsvæða** þjóðgarðs skv. 1. ~~–3.~~ mgr. í reglugerð. Þetta gildir þó ekki um virkjanir sem starfræktar eru til sjálfsþurftar fyrir starfsemi í þjóðgarðinum. ~~Ákvæði 1. mgr. um breytingar á virkjunum í rekstri gilda einnig um breytingar á nýjum virkjunum skv. 2. og 3. mgr.~~ Í reglugerð skulu koma fram kröfur sem gerðar eru varðandi umgengi á ~~jaðarvirkjana~~svæðum innan þjóðgarðs.“

13. gr. Reglugerð fyrir Hálandisþjóðgarð. hljóðar svo:

“Ráðherra skal setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þ.m.t. um:

1. Friðlýsingu Hálandisþjóðgarðs, stækkun þjóðgarðsins þar sem tilgreind eru mörk hans, sbr. 1. gr. og um verndun og verndarstig, sbr. einnig lög um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða.
2. Mörk og fjölda rekstrarsvæða Hálandisþjóðgarðs, og um skipan í umdæmisráð og stjórn, sbr. 5. og 7. gr.
3. Afmörkun virkjanasvæða og reglur um umgengni, sbr. 11. gr. Reglugerð um Hálandisþjóðgarð skal jafnframt sett með stoð í lögum um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða.”

Lagt til að greinin verði svo hljóðandi (breytingar tillögur og viðbætur er feitletraðar):

“Ráðherra skal setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þ.m.t. um:

1. Friðlýsingu Hálandisþjóðgarðs, stækkun þjóðgarðsins þar sem tilgreind eru mörk hans, sbr. 1. gr. og um verndun og verndarstig, sbr. einnig lög um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða. **Skal sú reglugerð taka gildi eigi síðar en 1. janúar 2021.**
2. Mörk og fjölda rekstrarsvæða Hálandisþjóðgarðs, og um skipan í umdæmisráð og stjórn, sbr. 5. og 7. gr.
3. Afmörkun **jaðarsvæða** og reglur um umgengni, sbr. 11. gr.

Reglugerð um Hálandisþjóðgarð skal jafnframt sett með stoð í lögum um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða.”

14. gr. Gildistaka, hljóðar svo:

“Lög þessi taka gildi 1. janúar 2021.”

Lagt til að greinin verði svo hljóðandi (breytingar tillögur og viðbætur er feitletraðar):

“Lög þessi taka gildi **núþegar.**”

Lokaorð

Hálendisþjóðgarður yrði mikið framfaraskref fyrir land og þjóð og kann Landvernd Umhverfis- og auðlindaráðuneyti og starfshópi um stofnun miðhálendisþjóðgars bestu þakkir fyrir góða vinnu við undirbúning. Ekki sama hvernig Hálendisþjóðgarður er skipulagður eða hvernig honum er stjórnað. Nauðsynlegt er að fylgja alþjóðlegum viðmiðum um þjóðgarða þar sem vernd náttúru- og menningarminja, aðgengi almennings og hefðbundin sjálfbær nýting er í fyrirrúmi. Nýjar stórfræmkvæmdir rúmast ekki innan þjóðgarða enda þjóna þær ekki verndarmarkmiðum. Það er von Landverndar að hægt verði að stofna þjóðgarð sem stendur undir nafni á hálendi Íslands á næsta ári þannig að verðmætunum sem í honum felast verði borgið okkur öllum og framtíðarkynslóðum til heilla.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri